

# Minnisblað

Höfundur: Þórdís Sif og Geir Gestsson  
Viðtakandi: Bæjarráð



Vesturbyggð 1. febrúar 2024  
Málsnúmer: 2402002 ÞSS

Minnisblað er varðar málið:

**Tillögu að breyttri nýtingu á fjárfestingum hjá þjónustumiðstöðinni á Patreksfirði**

## Kynning á máli

Forstöðumaður þjónustumiðstöðvarinnar á Patreksfirði og sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs eru að vinna að endurskoðun snjóokstursreglna Vesturbyggðar með það í huga að gera þær skýrari. Einnig hefur verið rætt um að Vesturbyggð þurfi að gera allt til að hafa snjóoksturinn sem hagkvæmastan án þess að það bitni á færð í þéttbýli. Gert er ráð fyrir að sama ferli fari fram á Bíldudal.

## Tillaga

Lagt er til að keypt verði tvö ný tæki framan á lyftaranum sem er í þjónustumiðstöðinni. Annars vegar nýjan fjölplóg sem brotnaði við snjóokstur undanfarna daga og ekki er hægt að gera lagfæringar á honum. Hins vegar kaup á snjóblásara sem myndi nýtast sérstaklega vel á þeim gangstéttum sem þyrfti að moka þegar mikið snjóar.

Engin tæki sem eru á Patreksfirði í dag eru vel til þess fallin að sinna snjóokstri á gangstéttum og gæti þjónustumiðstöðin sinnt þeim snjóokstri með nýjum snjóblásara.

Kostnaður við fjölplóg er	kr. 1.830.000 + vsk + flutningar = u.þ.b.	kr. 2.500.000,-
Kostnaður við blásara er	kr. 1.078.000 + vsk + flutningar = u.þ.b.	kr. 1.500.000,-
Samtals kostnaður		kr. 4.000.000,-

Í fjárhagsáætlun eru kr. 3.800.000,- áætlaðar í kaup á litlum rafmagnsbíl sem hugsaður væri fyrir þjónustumiðstöðina og vinnuskóla. Það tæki hefur þó hækkað mikið í verði frá því fyrir áramót og kostar um kr. 5.500.000,-.

## Niðurstaða

Þjónustumiðstöðin í samráði við sviðsstjóra áætla að kaupa framangreind tvö tæki framan á lyftarann í staðin fyrir rafmagnsbílinn sem áætlað er fyrir í fjárfestingaráætlun.

Ekki er þörf á að samþykkja breytinguna, en þótti rétt að upplýsa um fyrirhugaðar breytingar áður en tækin væru pöntuð.

Frávikin á því sem er í fjárhagsáætlun og samtals kostnaði er innan skekkjumarka og því ekki þörf á viðauka.